

Eineltisáætlun Smáraskóla



Unnið af:

Eineltisráði, veturinn 2009 – 2010

Stefnuyfirlýsing Smáraskóla

Smáraskóli á að vera öruggur vinnustaður þar sem starfið mótast af virðingu og umhyggju. Því leitum við allra ráða til að fyrirbyggja einelti og annað ofbeldi. Við leggjum áherslu á að leysa þau mál sem upp koma á farsælan hátt.

Hvað er einelti?

Einelti er langvarandi ofbeldi, líkamlegt eða andlegt sem stýrt er af einstaklingi eða hópi og beinist að ákveðnum einstaklingi. Til að hægt sé að tala um einelti þarf það að vera endurtekið aftur og aftur og sá sem fyrir eineltinu verður á erfitt með að verja sig.

Einelti getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér bæði fyrir þolanda og geranda. Hefur það neikvæð áhrif á nám, líðan og félagsþroska einstaklinga.

Einelti birtist í mörgum myndum, það getur verið:

- **Líkamlegt:** barsmíðar, spörk, hrindingar.
- **Munnlegt:** uppnefni, niðrandi athugasemdir og endurtekin stríðni.
- **Skriflegt:** tölvuskeyti, sms– skilaboð, bloggsíðuskrif, krot og bréfasendingar.
- **Óbeint:** baktal, útskúfun eða útilokun úr félagahópi.
- **Efnislegt:** eigum barnsins stolið eða þær eyðilagðar.
- **Andlegt:** þegar barnið er þvingað til að gera eitthvað sem stríðir algjörlega gegn réttlætiskennd þess og sjálfsvirðingu.

Foreldrar eru bestu kennarar barna sinna og grunnur að góðum samskiptum er lagður á unga aldri. Foreldrum ber að ræða um líðan og samskipti við börnin. Mikilvægt er að foreldrar hafi strax samband við umsjónarkennara ef þeir hafa áhyggjur af líðan barnsins í skólanum og einnig ef þeir hafa grun um að einelti sé í gangi í félagahópnum. Gott upplýsingaflæði milli heimilis og skóla er forsenda þess að vel gangi í því mikilvæga verkefni að sporna við einelti. Fylgist með samskiptum barnanna.

Foreldrar hafið hugfast!

- Einelti viðgengst allt of oft vegna þess að nemendur vilja ekki vera stimplaðir sem klöguskjóður.
- Ræðið við börnin ykkar um muninn á því að klaga og segja frá.
- Með því að segja frá er hugsanlega verið að koma öðrum, sem líður illa, til aðstoðar.

Mikilvægt er að:

- börn læri að setja sig í spor annarra, sýni umburðarlyndi og beri virðingu fyrir öðrum
- skólinn eigi gott samstarf við forráðamenn
- unnið sé að fræðslu og góðum samskiptum nemenda, foreldra og starfsfólks skólans
- skólasamfélagið sé upplýst
- unnið sé eftir áætlun um ferli eineltismála
- skrá eineltistilfelli
- fylgja málinu eftir þar til ásættanleg lausn finnst

Foreldrar – er barnið þitt lagt í einelti?

Hugsanlegar vísbendingar:

- barnið virðist einangrað eða einmana
- einbeitingarörðugleikar, barnið hættir að sinna námi og einkunnir lækka
- barnið neitar að fara í skólann eða hræðist að fara eitt í og úr skóla, biður um fylgd og/eða fer aðra leið
- barnið skrópar og/eða kemur of seint
- breytingar á skapi, tíður grátur, viðkvæmni
- árásargirni og erfið hegðun
- lítið sjálfstraust, hræðsla, kvíði, svefntruflanir
- breyttar matarvenjur, lysterleysi eða ofát
- líkamlegar kvartanir
- áverkar, rifin föt og/eða skemmdar eigur
- barnið týnir peningum og/eða öðrum eigum
- barnið forðast ákveðnar aðstæður í skólanum t.d. leikfimi og sund
- barnið neitar að segja frá hvað amar að

Hvað geta forráðamenn þolanda gert?

- rætt við og hlustað á barnið segja frá skólanum og ferðum til og frá skóla
- haft samband við umsjónarkennara, námsráðgjafa eða stjórnendur skólans
- brugðist við vanda barnsins með þolinmæði og umhyggju
- látið barnið finna að það á ekki sök á eineltinu

Foreldrar - er barnið þitt gerandi?

Hugsanlegar vísbendingar:

- barnið er árásargjarnt og sýnir yfirgang
- barnið uppnefnir, stríðir og hótar
- barnið stjórnar vinum og útilokar úr vinahópnum

- barnið er ógnandi í samskiptum
- barnið talar niðrandi um aðra

Hvað geta forráðamenn geranda gert?

- rætt við og hlustað á barnið segja frá skólanum og ferðum til og frá skóla
- gefið barninu skýr skilaboð um að einelti er alvarlegt mál og slíka hegðun sé ekki hægt að líða
- fylgst vel með barninu og lagt sig fram um að kynnast vinum þess og hvernig það ver frítíma sínum
- haft samband við skólann og fengið aðstoð við að bæta og breyta hegðun barnsins

Eineltisráð

Eineltisráð hefur umsjón með og sinnir faglegri forystu í eineltismálum innan skólans og veitir kennurum, nemendum og foreldrum leiðsögn.

Eineltisráð er skipað:

- aðstoðarskólastjóra
- deildarstjórum
- fulltrúa félagsmiðstöðvar
- fulltrúa kennara
- hjúkrunarfræðingi
- námsráðgjafa

Áætlun skólans um einelti:

- stuðlað verði að nánun og öflugun samstarfi við forráðamenn
- lögð verði áhersla á fræðslu um einelti fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk skólans
- virk gæsla sé í vinnuhléum á göngum, í matsal, á útisvæði og í íþróttahúsi
- starfsmenn fylgist vel með og geri umsjónarkennara viðvart ef þeir verða varir við áreitni
- kennarar fái þjálfun í viðtalstækni vegna eineltismála
- fræðsla um einelti verði hluti af lífsleikninámi
- foreldrar fái áætlun skólans um einelti en þar er að finna upplýsingar um einelti, birtingarform þess og hvernig skólinn muni bregðast við því
- eineltisáætlunin sé aðgengileg á heimasíðu skólans
- eineltisáætlunin verði yfirfarin og endurskoðuð reglulega

Unnið verði að því að:

- efla góð samskipti, umburðarlyndi og virðingu fyrir náunganum eftir aðferðum uppbyggingarstefnunnar
- koma á reglulegum bekkjarfundum þar sem nemendur ræða samskipti innan hópsins og við aðra skólafélaga
- kanna líðan nemenda reglulega
- efla góða bekkjarstjórnun þar sem reglusemi og öguð vinnubrögð skapa öryggi í hópnum
- allir starfsmenn fái handleiðslu og fræðslu um aðferðir uppbyggingarstefnunnar til að styðja við þessi vinnubrögð
- á bekkjarfundum þeim, sem haldnir eru á haustin með foreldrum, verða aðgerðir skólans gegn einelti ræddar og það hvernig foreldrar geta unnið fyrirbyggjandi svo og markvisst með skólanum við að uppræta það

Viðbrögð

Eineltismál sem upp koma eru ólík. Því verður að miða viðbrögð við hvert einstakt tilfalli. Nauðsynlegt er að bregðast strax við og setja af stað ákveðið vinnuferli.

Vinnuferli skólans skiptist í:

- Könnunarferli
- Framkvæmdarferli
- Eftirfylgd

Ef upp kemur grunur um einelti í skólanum skal viðkomandi tafarlaust hafa samband við umsjónarkennara nemandans. Umsjónarkennari kannar málið og gerir allt til að leysa það. Ef í ljós kemur að um einelti er að ræða vinna viðkomandi umsjónarkennari og skólastjórnendur saman að því að búa til sérsniðna áætlun til að uppræta eineltið strax. Fer það eftir eðli málsins til hvaða aðgerða verður gripið (*Framkvæmdarferli*).

Ferli eineltismála:

- **Könnunarferli**
1. Grunur um einelti tilkynnist til umsjónarkennara, skólastjórnenda eða eineltisráðs.
 2. Umsjónarkennari gerir foreldrum/forráðamönnum viðvart og biður þá um að fylgjast með líðan barnsins ákveðinn tíma. Þeir ræða við barnið daglega og skrá, með skipulögðum hætti, það sem fram kemur.
 3. Umsjónarkennari leitar eftir frekari upplýsingum frá kennurum, starfsfólki

skólans, foreldrum og nemendum.

4. Umsjónarkennari heldur fund með kennurum og starfsmönnum sem annast viðkomandi nemanda. Þeir fylgjast með þolanda og geranda í ákveðinn tíma og halda skrá yfir það sem þeir verða varir við.
5. Umsjónarkennari leggur fyrir tengslakönnun og spurningalista um líðan í bekk.

• **Framkvæmdarferli**

1. Umsjónarkennari ásamt eineltisráði skólans leggur mat á upplýsingarnar. Verði niðurstaðan sú að um einelti sé að ræða kemur til framkvæmda.
2. Umsjónarkennari ásamt einum aðila úr eineltisráðinu ræða einslega við geranda og þolanda.
3. Eineltisráð vinnur að upprætingu eineltisins og áætlun þar að lútandi kynnt viðkomandi starfsmönnum skólans.
4. Foreldrar/forráðamenn þolanda og geranda eru kallaðir til samráðs. Þar er þeim kynnt áætlun sú sem gerð hefur verið og leitað eftir góðri samvinnu þeirra við að fylgja áætluninni eftir og stöðva eineltið. Foreldrum verði bent á hvað þeir geta sjálfir gert til að aðstoða barnið sitt. Hvaða úrræði skólinn hefur til að aðstoða þolanda og geranda s.s. námsráðgjafi, sálfræðingur. Hvaða afleiðingar það getur haft ef eineltið heldur áfram. Lögð áhersla á mikilvægi samstarfs varðandi eftirfylgd málsins.
5. Áætlun gerð um tímamörk og mat á aðgerðum.

• **Eftirfylgd**

1. Regluleg viðtöl við málsaðila, sbr. lið 5 hér að ofan, eins lengi og þurfa þykir.
2. Niðurstöður viðtalanna skráðar á viðeigandi eyðublað.

Skráning og aðrar lausnir:

- Málið skráð á sérstakt skráningarblað af þeim sem vinna í málinu.
- Gátlisti um líðan nemenda sendur heim fyrir foreldrafundi.
- Mælt er eindregið með að gerandi og foreldrar hans fari á samskiptanámskeið.
- Nemendum gefist kostur á að sækja sjálfstyrkingarnámskeið.
- Í öllum tilvikum er gerendum gefin skýr skilaboð um að einelti sé ekki liðið og að skólinn muni með öllum ráðum tryggja að eineltinu ljúki.

Mikilvægt er að:

- fyllsta trúnaðar sé gætt við meðferð eineltismála
- öll málsatvik, mat á aðstæðum og framvinda séu færð til dagbókar og ákveður eineltisráð hver er ábyrgur fyrir því hverju sinni
- tveir aðilar taki viðtal við gerendur. Það undirstrikar alvöru málsins og getur komið í veg fyrir misskilning
- umsjónarkennari – námsráðgjafi hitti þolanda og geranda reglulega og hafi reglulegt samband við foreldra
- hafa reglulega fræðslu fyrir nemendur um einelti
- taka á móti nýjum nemendum samkvæmt skráðri áætlun
- nemendur þjálfist í að vinna í hópum og sýni hver öðrum tillitssemi, sveigjanleika og umburðarlyndi
- halda bekkjarfundi og vinna margvísleg verkefni með nemendum til að auka vitund þeirra um eðli félagatengsla og efla góða hegðun
- ræða einelti, hegðun, samskipti og líðan í bekknum
- semja bekkjarreglur og fara reglulega yfir bekkjarreglur gegn einelti
- gera bekkjarsáttmála

Hagnýtar upplýsingar

Áfengis- og vímuvarnarráð <http://www.vimuvarnir.is>

Barna- og unglिंगageðdeild Landspítala Íslands (BUGL)

<http://www2.landspitali.is/bugl/>

Barnaheill <http://www.barnaheill.is/>

Barnalög <http://www.domsmalaraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/barnamal/>

Barnaverndarstofa <http://regnbogaborn.is/web/?&OZON=Z3JvdXA9MTYzMQ==>

Doktor.is <http://www.doktor.is/>

Fjölskyldumiðstöðin á Heilsuverndarstöðinni <http://www.barnivanda.is/>

Foreldrahús <http://www.foreldrahus.is>

Geðrækt <http://www.ged.is/>

Götusmiðjan <http://www.gotusmidjan.is/>

Heimili og skóli <http://www.gotusmidjan.is/>

Hitt húsið <http://www.hitthusid.is/hitthusid.nsf/pages/index.html>

Hugskot <http://frontpage.simnet.is/hugskot/>

Menntamálaráðuneytið <http://www3.menntamalaraduneyti.is/>

Olweus <http://www.olweus.is/>

Persona.is <http://www.persona.is/index.asp>

Regnbogabörn <http://regnbogaborn.is/web/?&OZON=Z3JvdXA9MTYzMQ==>

SAFT <http://www.saft.is>

SÁÁ http://www.saa.is/Default.asp?Sid_Id=9794&tId=99&Tre_Rod=&qsr

Sjónarhóll

http://www.serstokborn.is/Default.asp?Sid_Id=9452&tId=2&Tre_Rod=&qsr

Skoðun.is/einelti <http://www.barn.is/page.asp?id=6&pid=0>

Rauði krossinn: Ef ég bara hefði vitað <http://rki.is/template4.asp?pageid=439>

Tóbaksvarnarnefnd <http://www.reyklaus.is/>

Tótalráðgjöf <http://www.totalradgjof.is/>

Umboðsmaður barna <http://www.barn.is/page.asp?id=6&pid=0>